



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2017

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningarréttur erlendra ríkisborgara), 146. löggjafarþing 2016 -2017. Þingskjal nr. 356 – 258. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitastjórna. Með frumvarpinu er lagt til að kosningarréttur útlendinga verði færður til svipaðs horfs og annars staðar á Norðurlöndunum.

MRSÍ styður framangreint frumvarp og telur hér vera stigin skref í rétta átt til að bæta réttindi erlendra ríkisborgara hér á landi. Líkt og í greinargerð með frumvarpinu segir þá er kosningarréttur lykilatriði í þátttöku manna í lýðræðislegu samfélagi. Hér greiða menn skatta og gjöld frá veitingu atvinnu- og dvalarleyfis og taka almennt þátt í uppbyggingu samfélagsins. Það er því mikilvægt að þeir öðlist kosningarrétt sem allra fyrst svo þeir geti haft áhrif og haft m.a. um það að segja hvert framlagi þeirra til þjóðarbúsins sé varið.

Þróunin í nærliggjandi löndum hefur verið í þá átt að veita erlendum ríkisborgurum aukinn kosningarrétt og telur MRSÍ að Ísland eigi að fylgja því fordæmi.

Gerir skrifstofan því ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri